

Starfsáætlun Velferðarþjónustu Árneshings

Sveitarfélög sem aðild eiga að Velferðarþjónustu Árneshings, fjöldi íbúa og starfsstöðvar:

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa	Starfsstöð
Bláskógabyggð	1115	Heilsugæslan Laugarási
Flóahreppur	644	Heilsugæslan Laugarás
Grímsnes- og Grafningshreppur	479	Heilsugæslan Laugarási
Hrunamannahreppur	774	Heilsugæslan Laugarási
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	Heilsugæslan Laugarási
Hveragerði	2566	Bæjarskrifstofan Hveragerði
Sveitarfélagið Ölfus	2111	Ráðhús Ölfus

Velferðarþjónusta Árneshings starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraðra, lögum um málefni fatlaðs fólks, barnaverndarlögum, lögum um málefni innflytjenda.

Helstu verkefni velferðarþjónustu Árneshings eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, barnavernd, málefni fatlaðs fólks, málefni eldri borgara, akstursþjónusta, búsetuþjónusta, stuðningsþjónusta, heimsending matar, daggæsla barna í heimahúsum og forvarnir.

Starfrækt eru tvö heimili fyrir fatlað fólk, annað að Birkimörk í Hveragerði og hitt að Selvogsbraut í Þorlákshöfn. Í Birkimörk eru 5 íbúar og 6 íbúar á Selvogsbraut. Á báðum heimilunum er veitt sólarhringsþjónusta.

Markmið velferðarþjónustu Árneshings

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita góðar upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálpar.
- Félagsleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á valdeflingu notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfshjálpar með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best velferð þeirra. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir s.s. fræðslu og forvarnir.
- Stuðningsþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og gera notendum kleift að búa á eigin heimilin svo lengi sem þeir óska. Tryggja skal viðeigandi úrræði þegar þess er þörf.
- Í búsetuþjónustu er hugmyndafræðin um sjálfstætt líf höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla

sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Helstu verkefni Velferðarþjónustu á árinu 2018:

Félagsþjónusta	Leiðir	Ábyrgð
Reglur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar í samræmi við nýja löggjöf	Stefnt að því að endurskoðunarvinnu verði lokið fyrir mars 2019	Nefndin, María
Koma á formlegu samstarf við Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingu og Birtu til að bæta þjónustu við notendur	Haldnir verði að minnsta kosti 4 fundir á ári.	María
Taka á húsnæðisvanda lágtekjufólks til að tryggja stöðugleika hjá börnum og fjölskyldum þeirra.	Leggja áherslu á að sveitarfélög vinni húsnæðisáætlanir sínar og hefji uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis og almenns leiguhúsnæðis til að koma til móts við þennan hóp.	Nefndin, María
Efla forvarnastarf og beita snemmtækri íhlutun og þvergfaglegri þjónustu við börn og fjölskyldur.	Kynna okkur viðurkenndar leiðir um slíka þjónustu og innleiða í okkar þjónustu.	María, Vigdís, Sigurjón, Eyrún, Halla, Arna

Barnavernd	Leiðir	Ábyrgð
Framkvæmadaáætlun í barnavernd	Ljúka vinnu í janúar 2019	María og nefndin
Kynningafundir um barnavernd verði haldnir í leik- og grunnskólum á svæðinu. Áhersla verður á tilkynningaskyldu, feril og vinnslu barnaverndarmála	Félagsráðgjafar sjá um kynningu allt árið.	Eyrún, Vigdís, Sigurjón
Efla forvarnir í sveitarfélögunum, Fylgjast með þróun og stöðu barna og ungmenna í samfélaginu.	Setja af stað forvarnarhópa í sveitarfélögunum með félagsþjónustu, grunnskóla, framhaldsskóla, heilsugæslu, frístundafulltrúum og lögreglu.	Nefndin, María
Bæta málsmeðferð í barnaverndarmálum og samræma vinnulag starfsmanna í barnavernd	Gerðir verða gátlistar um hvert skref sem taka þarf með hliðsjón að handbók Barnaverndarstofu.	María, Sigurjón, Vigdís,

Stuðningsþjónusta	Leiðir	Ábyrgð
Endurskoða reglur um stuðningsþjónustu vegna lagabreytinga	Hafa til hliðsjónar leiðbeinandi reglur Samband íslenskra sveitarfélaga.	María, Nefndin
Veita stuðning og aðstoð eftir getu einstaklingsins, gæta þess að virkni hans haldist sem lengst	Koma á fót endurhæfingateymi inn á heimili í samvinnu við iðju- eða sjúkrabjálfa	María og forstöðumenn stuðningsþjónustu
Innleiða Careon tæknilausnir í stuðningsþjónustu	Uppsetning og kennsla á tæknilausninni á allar starfsstöðvar	María og forstöðumenn stuðningsþjónustu
Efla samstarf við heilsugæslu og heimahjúkrun á svæðinu þjónustunotendum til hagsbóta	Halda fundi mánaðarlega með heilsugæslum á svæðinu	María, forstöðumenn stuðningsþjónustu
Samráð við notendur	Funda með öldungaráðum á svæðinu einu sinni ári	María og nefndin

Búsetueiningar	Leiðir	Ábyrgð
Samræma vinnubrögð svo þjónusta við íbúa verði einstaklingsbundin og markviss.	Gerðar verði einstaklingsáætlanir fyrir hvern íbúa	Forstöðumenn tengill og Arna
Fræðsla til að efla starfsfólk í starfi, bæta vinnumenninguna og gera góðan vinnustað betri	Námskeið um jákvæða vinnustaðamenningu (vinnustofur) haldið í byrjun árs og fræðsla á starfsmannafundum.	Arna, forstöðumenn og starfsfólk
Innleiðing hugmyndafræðinnar um þjónandi leiðsögn	Fræðsla og handleiðsla inn á heimilin.	Forstöðumenn, Arna og María

Starfsáætlun Skólabjónustu Árneshings

Skólar á svæði Skólabjónustu Árneshings og fjöldi nemenda:

Skóli	Fjöldi nemenda
Álfaborg	27
Bergheimar	84
Bláskógaskóli – Laugarvatn grunnskóladeild	52
Bláskógaskóli- Reykholt	84
Bláskógaskóli – Laugarvatn leikskóladeild	20
Flóaskóli	106
Flúðaskóli	97
Grunnskólinn í Hveragerði	372
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	230
Kerhólsskóli – grunnskóladeild	36
Kerhólsskóli – leikskóladeild	35
Krakkaborg	40
Leikholt	27
Óskaland	80
Undraland Flúðum	38
Undraland Hveragerði	95
Þjórsárskóli	46
Samtals	1.469

Skólabjónusta Árneshings starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla og samkvæmt reglugerð um sérfræðibjónustu nr. 584 / 2010

Markmið skólabjónustu Árneshings

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri samvinnu, ráðgjöf og fræðslu.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árneshingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna í anda hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Helstu verkefni Skólaþjónustu á árinu 2019:

Verkefni	Leiðir	Ábyrgð	
Skólaþjónustan geri tillögu að stefnumótandi vinnu varðandi móttöku fjölskyldna af erlendum uppruna í skólum og samfélaginu	Kynna það sem aðrir hafa gert. Gera drög að stefnu. Setja starfshóp frá sveitarfélögum, skóla, og fleirum	María, Kolbrún, Arna	
	Hvetja skólana til að setja sér skýrt verklag sem miðar að því að styðja kennara við úrlausn mála er varða nemanda eða nemendahópa, í anda snemmtækra íhlutunar.	Kynning á fundi skólastjórnenda á svæðinu Stuðningur við innleiðingu lausnateymis í alla skóla	Hrafnhildur, Kolbrún, Hugrún
	Samvinna heilsugæslu og leikskóla með BRIGANCE þroskaskimun.	Heilsugæslan sendir niðurstöður úr athugunum til leikskóla með leyfi foreldra Leikskólinn nýti þær niðurstöður á markvissan hátt og barnið fái viðeigandi þjálfun	Anna Stefanía, Álfhildur
	Hvetja til að skimanir og skráningar í leikskóla séu gerðar á réttum tíma, unnið sé eftir þeim og niðurstöður og úrræði fylgi barni upp í grunnskóla.	Ítreka mikilvægi og tilgang skimana á borð við TRAS, HLJÓM-2 og Orðaskil Halda kynningarfundum vegna yfirfærslu upplýsinga frá leikskóla til grunnskóla	Hrafnhildur, Kolbrún, Álfhildur og Anna Stefanía
	Hafa öflug námskeiðstilboð fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla	Kalla eftir hugmyndum starfsfólks skólanna Gera námskeiðsáætlun fyrir árið 2019 og senda til skólanna. Sækja um styrk til endurmenntunarsjóðs grunnskóla vegna námskeiða.	Hrafnhildur, Kolbrún
		Hvetja skóla til að tileinka sér ART til að styðja við félagsfærni, siðferði, sjálfstjórn og reiðistjórnun.	Hugrún, Hrafnhildur, Kolbrún, Anna Stefanía, Álfhildur og Berglind

Forvarnastarf sem stuðlar markvisst að velferð nemenda

Hvetja kennara til að nota gagnreyndar aðferðir varðandi agastjórnun, samskipti, félagsfærni og leiðir til slökunar. Fræðsla til foreldra leikskólabarna varðandi kvíða, málþroska, hegðun og svefn. „Ég í skóla“ fræðsla fyrir foreldra barna á yngsta stigi grunnskóla í upphafi skólaárs. Sálfræðingar fari inn á unglíngastig allra skóla með fyrirlestur um líðan og viðeigandi bjargráð.

Sameiginleg verkefni Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls á árinu 2019:

Verkefni	Leiðir	Ábyrgð
Snemmtæk íhlutun og forvarnir	Innleiðing „Austurlandslíkansins“	María
Gera áfallaáætlun Skóla- og Velferðarþjónustu	Útbúa verkferla hvernig skuli bregðast við verði starfsmenn fyrir áfalli	Hugrún, Arna Ír